



Maxímús Músíkús -spilastokkur

Maxa-spilastokkurinn er klassískur spilastokkur sem jafnframt er paraspil og hæfir því öllum sem eru ungir í anda, hvort sem þeir eru 3 ára eða 103 ára.

Hægt er að spila **öll venjuleg spil** með spilunum en einnig er á hverju spilanna mynd af mismunandi hljóðfæri eða af barni að leika á hljóðfæri. Þannig er hægt að spila einfaldan **Svarta-Pétur** og **Minnisspil** þar sem paraðar eru eins myndir saman eða ögn erfiðari spil með því að para saman hljóðfæri við hljóðfæraleikara.

Á spilunum eru öll hefðbundin hljómsveitarhljóðfæri. **Svarti-Pétur** er **Maxi sjálfur** sem hefur brugðið sér í gervi hljómsveitarstjóra og sveiflar tónsprotanum af mikilli list.

Myndirnar á spilunum eru eftir Þórarin Má Baldursson og eru úr framhaldssögu um Maxímús Músíkús en í henni trítlar Maxi í tónlistarskóla og sér unga hljóðfæraleikara. Sagan kemur út í apríl og er eftir þau Þórarin Má og Hallfríði Ólafsdóttur sem bæði eru hljóðfæraleikarar við Sinfóníuhljómsveit Íslands.